

Nokkrir punktar fyrir byrjendur:

Lykilatriðin

Allt of margir brenna sig á því í byrjun að stækka völlinn og eyða fúlgum í bara einhverja leikmenn. Réttasta byrjunin er hins vegar að fá sér SOLID þjálfara með poor leadership því svoleiðis kostar ekkert svo mikið (leadership skiptir ekki í máli í byrjun, en leadership getur haft áhrif í leikjum).

Síðan þarf að kaupa unga leikmenn til að þjálfra í þá stöðu sem þú kýst að þjálfra. Yngstu leikmennirnir í leiknum eru 17 ára og er best að kaupa menn á þeim aldri eða 18-19 ára. Leikmenn sem eru 17 ára þjálfast hraðast en síðan minnkar hraðinn eftir því sem leikmenn eldast. Því er ekki ráðlegt að vera með "gamla" menn í þeirri stöðu sem þú ert að þjálfra, því þú vilt vera með menn sem þjálfast eitthvað af viti.

Ef þú t.d. kýst að þjálfra defending, þá velurðu þér leikmann með tilliti til þess og síðan fer það náttúrulega eftir fjárhag þínum hversu góðan leikmann þú kaupir, því hærra level sem maðurinn er í, því fljótari er hann að skila þér einhverjum hagnaði (þ.e. stökkin á milli hærri levela eru stærri í krónum talið ef þú ætlar að selja gripinn). Þjálfunin er mikilvægasti hluti Hattrick, því hún er það sem virkilega skilar peningum í kassann.

Ég er t.d. að þjálfra playmaking og þetta eru lágmarksviðmiðin sem ég set er ég er að fara að kaupa leikmann:

17 ára: a.m.k. inadequate playmaking

18 ára: a.m.k. passable playmaking

og síðan kýs ég líka að þeir séu með a.m.k. inadequate passing og inadequate defending. Stamina (þol) er líka mikilvægt fyrir miðjumennina, helst vil ég að stamina sé a.m.k. inadequate.



En hér eru þessi "level" sem ég talaði um:

divine (hæsta level sem leikmaður getur komist í)
utopian
magical
mythical
extra-terrestrial
titanic
supernatural
world class
magnificent
brilliant
outstanding
formidable
excellent
solid
passable
inadequate
weak
poor
wretched
disastrous (lægsta level sem til er)

Smá ábendingar varðandi þjálfun. Aðal skill sýnir það sem hækkar við þessa þjálfun. Auka skill er hins vegar hlutur sem gerir leikmanninn betri, þ.e. því hærra sem það er því betra fyrir leikmanninn :

Scoring þjálfun (sóknarmenn):

- aðal skill: scoring
- auka skill: passing, set pieces

Playmaking þjálfun (miðjumenn):

- aðal skill: playmaking
- auka skill: passing, defending, stamina

Defending þjálfun (varnarmenn):

- aðal skill: defending
- auka skill: passing, winger (ef þú hyggst nota varnarmanninn sem bakvörð (wing back))

Winger þjálfun (kantmenn)

- aðal skill: winger
- auka skill: passing, stamina og mörgum þykir líka gott að hafa kantmennina með nokkuð sem kallast "specialty: quick". En sumir leikmenn eru með svona specialty, önnur specialty eru: Head (góðir skallamenn), Powerful

(sérstaklega góðir í rigningu en slakari í sól), Technical (öfugt við powerful, þ.e. góðir í sól en slakari í rigningu), Unpredictable (eiga það til að gera óvænta hluti, t.d. langar snilldar sendingar og annað óvænt).

Goaltending þjálfun (markmenn)

-aðal skill: goaltenging (eina sem skiptir máli hér).

Unglingaliðið (Youth squad)

Svo er mjög mikilvægt að fjárfesta strax 2 milljónir í ungingaliðinu til að ná því sem fyrst uppí excellent (hæsta level sem ungingaliðið getur komist uppí). Einu sinni í viku, þ.e. eftir kl. 23:35 á laugardagskvöldi að Hattrick tíma, getur maður náð sér í leikmann í ungingaliðið. Eftir því sem ungingaliðið er komið í hærra level, því meiri líkur eru á því að þú fái góðan leikmann.

Lokaorð

Að lokum gef ég mér bessaleyfi til að vitna í félagaminn og bæjarstjóra í Akranes Hattrick Federation (hér talar hann m.a. um það hvernig best sé að byrja í leiknum):

Ég er ekki viss um það. En leiðin á toppinn er sennilega lengri því núna byrja flestir í 4. deild, en þegar ég byrjaði þá fékk ég lið í 3. Bestu liðin eru líka orðin mun betri en fyrir ári síðan. Vandinn er hins vegar sá að flestir nýliðar byrja á að kaupa menn og stækka völinn og bruðla þannig með peninginn, í staðinn fyrir að lesa leiðbeiningarnar. Ef menn byrjuðu hinsvegar á fá sér betri þjálfara og kaupa svo unga menn í þá stöðu sem þeir ætla að þjálfar þá væru þeir fljótlega komnir með þokkalegt lið. Svo er líka nauðsynlegt að fullnýta þjálfunina þ.e. að vera með eins marga menn í þjálfun og hægt er og ekki vera með gamlingja í þjálfun nema þeir séu þeim mun betri. Svo verða menn líka að kynna sér hversu lengi er

hagstætt að þjálfra leikmenn og hvenær er best að selja þá.

Svo er bara um að gera að vera dugleg/ur að spyrja reynda Hattrickara, flestir eru duglegir við að veita upplýsingar og leiðbeiningar.

Bestu kveðjur og gangi ykkur sem best í Hattrick lífinu

Kveðja, Bjarki (stjóri cokis í deild III.15)

